

REGLUGERÐ

um (14.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Loratadinum	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 10 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi	CLARITYN töflur 10 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: Ein tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varúð: Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. apríl 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. mars 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

nr. 136

REIKNINGUR

Tryggingasjóðs viðskiptabanka fyrir árið 1991.

Rekstrarreikningur 1. janúar – 31. desember 1991.

Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka	154 928 019
Verðbætur og vextir af verðbréfum	147 295 394
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	161 886
	<hr/>
Tekjur alls	302 385 299

Gjöld:

Stjórnarlausn	1 307 303
Annar rekstrarkostnaður	200 000
Verðbreytingagjöld	59 158 779
	<hr/>
Gjöld alls	60 666 082

Hreinar tekjur 241 719 217
